

## 87. ársþing USÚ - tillögur

### Tillaga 1 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir að skipa nefnd til þess að fara yfir núgildandi reglugerð um skiptingu lottótekna. Hvert aðildarfélag sem var með aðild fyrir ársþing 2020 skal tilnefna einn fulltrúa í nefndina fyrir 1. júlí 2020, auk þess sem stjórn USÚ skal skipa einn fulltrúa. Fulltrúi USÚ skal boða til fyrsta fundar og stýra vinnunni. Nefndin skal skila af sér tillögum að nýrri reglugerð til stjórnar USÚ fyrir 1. nóvember 2020, sem lögð verður fyrir formannafund í nóvember. Ný lottóreglugerð skal svo verða lögð fyrir ársþing 2021.

### Tillaga 3 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á 23. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina. Þingið hvetur ungmennafélaga einnig til þess að taka þátt í almenningisþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

### Tillaga 3 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir að Klifurfélag Öræfa, KFÖ, fái aðild að USÚ.

### Tillaga 4 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um skiptingu lottótekna: Í lok reglanna bætist við eftirfarandi setning: „Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða“.

### Tillaga 5 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á 9. grein laga USÚ: Úr 6. lið fellur textinn „, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.“ Undir 16. lið bætist við „kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.“

### Tillaga 6 – Frá stjórn USÚ

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á 11. grein laga USÚ: Greinin fær nýtt heiti: „Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar“ Fyrir framan núverandi texta kemur „Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og

*varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði.“*

### **Tillaga 7 – Frá stjórn USÚ**

87. ársþing Ungmennasambandsins Úlfliðs, haldið í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings 2. júní 2020, samþykkir að færa lögheimili USÚ að Hafnarbraut 15, 780 Höfn.